



TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda

Útgáfa IV

Einkaleyfisstyrkur

Helstu breytingar frá seinustu útgáfu:

- Hámarksstyrkur vegna forgangsréttarumsóknar hækkar úr 600 þ.kr. í 1,2 m.kr.
- Tekin eru upp skýr ákvæði um minniháttar aðstoð (de minimis).
- Handbókin er endurskipulögð og skýrð nánar, m.a. um styrkhæfan kostnað, viðurkenndar einkaleyfastofur og einkaleyfissérfræðinga, gildistíma samþykkis og útgreiðsluferli.

EFNISYFIRLIT

1. Tæknipróunarsjóður	4
1.1. Inngangur	4
1.2. Stjórn sjóðsins	4
1.3. Umsýsla sjóðsins.....	4
2. Einkaleyfisstyrkur	5
2.1. Lýsing á styrkjaflokki.....	5
2.1.1 Grunnatriði	5
2.1.2 Innihald umsóknar.....	5
2.1.3 Fjárhæðir og skilyrði	5
2.1.4 Minniháttar aðstoð (de minimis)	6
2.1.5. Viðurkenndar einkaleyfastofur.....	6
2.1.6 Viðurkenndir einkaleyfissérfræðingar	6
2.1.7 Gildistími samþykkis	6
2.1.8 Forgangsréttarumsókn	7
2.1.9 Umsókn um alþjóðlegt ferli	7
2.2. Hverjir geta sótt um styrk.....	7
2.3. Umsóknafrestur.....	7
3. Matsferli umsókna.....	7
3.1. Trúnaður og vanhæfi	7
3.2. Ákvörðun	8

1. TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR

1.1. INNGANGUR

Hlutverk Tæknipróunarsjóðs er að styðja þróunarstarf og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Markmiðin eiga að leiða til endurnýjunar og bættrar samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og þau mótast í samræmi við áherslur Vísinda- og nýsköpunarráðs.

Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan, skilgreindan, efnahagslegan og/eða þjóðhagslegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.

Tæknipróunarsjóður starfar skv. lögum [nr. 26/2021](#) og er fjármagnaður af ríkissjóði í samræmi við fjárlög hvers árs.

1.2. STJÓRN SJÓÐSINS

Tæknipróunarsjóður heyrir undir Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, sem skipar sex manna stjórn hans. Stjórnin er ábyrg gagnvart ráðherra og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar. Stjórnin setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Hún markar sjóðnum stefnu og er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við [meginstefnu](#) Vísinda- og nýsköpunarráðs.

1.3. UMSÝSLA SJÓÐSINS

Umsýsla Tæknipróunarsjóðs er í höndum Rannís samkvæmt samningi við Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið. Starfsfólk sjóðsins veitir allar almennar upplýsingar um sjóðinn (taeknithrounarsjodur@rannis.is). Símatími Tæknipróunarsjóðs er frá 10:00-12:00 mánudaga til fimmtudaga. Að öllu jöfnu er tölvupóstum svarað innan þriggja daga frá því að þeir berast.


2. EINKALEYFISSTYRKUR

2.1. LÝSING Á STYRKJAFLOKKI

Tilgangur einkaleyfisstyrkja er þátttaka í kostnaði við gerð og innlögn forgangsréttarumsóknar, annars vegar, og umsóknar í alþjóðlegt ferli, hins vegar. Sjá skýringarmynd að neðan.

Sækja skal um stuðning áður en einkaleyfisumsókn er lögð inn til viðurkenndra aðila, á eyðublaði sjóðsins í umsóknarkerfi Rannís.

Umsækjendum er ráðlagt að kynna sér upplýsingar um einkaleyfi og einkaleyfisferli t.d. á vefsíðu [Hugverkastofu](#).



Einföld skýringarmynd af fyrstu skrefum einkaleyfisferlis. Mánuðir eru til viðmiðunar.

2.1.1 GRUNNATRIÐI

- Sækja skal um styrk vegna forgangsréttarumsóknar áður en hún er lögð inn hjá aðilum sem taka við einkaleyfisumsóknum eins og Hugverkastofu eða European Patent Office (EPO), sjá kafla 2.1.5.
- Fyrsta umsókn (forgangsréttarumsókn) er lögð inn í einu landi og markar forgangsdagsetningu (*e. priority date*).
- Frá forgangsdagsetningu hefur umsækjandi 12 mánuði til að sækja um í öðrum löndum og/eða í PCT ferli með sama forgangsrétti.
- Sækja skal um styrk vegna umsóknar í alþjóðlegt ferli áður en umsókn í alþjóðlegu ferli er lögð inn.

2.1.2 INNIHALD UMSÓKNAR

Í umsókn skal lýsa því vandamáli sem á að leysa. Ekki er óskað eftir tæknilegum upplýsingum (kröfulýsingum) sem einkaleyfið byggir á. Jafnframt skal gera grein fyrir áætluðum tekjum, hvernig einkaleyfið verði nýtt og hver markaðurinn er fyrir afurðina.

2.1.3 FJÁRHÆÐIR OG SKILYRÐI

Hámarksstyrkur vegna forgangsréttarumsóknar er 1,2 m.kr. og hámarksstyrkur vegna umsóknar í alþjóðlegu ferli er 1,4 m.kr.

Greitt er samkvæmt reikningum (án VSK) frá viðurkenndum einkaleyfissérfræðingum (sjá skilgreiningu í [lið 2.1.6](#)) og vegna opinberra gjalda.

Mótframlagskrafa er að lágmarki 50% af reikningsupphæð.

Skilyrði er að einkaleyfið stuðli að verðmætasköpun innanlands.

2.1.4 MINNIHÁTTAR AÐSTOÐ (DE MINIMIS)

Styrkir samkvæmt þessum flokki teljast til minniháttar aðstoðar (e. *de minimis aid*) í skilningi reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [nr. 2023/2831](#), um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins á minniháttar aðstoð, eða síðari breytinga á þeirri reglugerð.

Heildarfjárhæð minniháttar aðstoðar sem fyrirtæki fær má ekki fara yfir þau mörk sem kveðið er á um í reglugerðinni á hverju þriggja ára tímabili og getur brot á þeim leitt til endurkröfu styrks.

Umsækjandi ber ábyrgð á að upplýsa um aðra opinbera styrki sem falla undir reglur um minniháttar aðstoð og tryggja að framangreind mörk séu ekki brotin.

2.1.5. VIÐURKENNDAR EINKALEYFASTOFUR

Viðurkennd einkaleyfastofa er opinber stofnun eða alþjóðleg stofnun sem hefur lögbundið hlutverk að taka við, rannsaka og afgreiða einkaleyfisumsóknir, veita einkaleyfi og halda utan um skráningu og birtingu þeirra í samræmi við gildandi lög og alþjóðasamninga.

Til viðurkenndra einkaleyfastofa teljast m.a. landsbundnar stofnanir, svo sem Hugverkastofa, og alþjóðlegar eða svæðisbundnar stofnanir á borð við Evrópsku einkaleyfastofuna (EPO) og Einkaleyfastofu Bandaríkjanna (USPTO).

2.1.6 VIÐURKENNDIR EINKALEYFISSÉRFRÆÐINGAR

Til viðurkenndra einkaleyfissérfræðinga teljast sérfræðingar sem starfa sjálfstætt eða hjá einkaleyfaskrifstofum (e. patent firms) og hafa formleg réttindi til að koma fram fyrir opinberum einkaleyfastofum fyrir hönd umsækjenda, svo sem skráðir einkaleyfislögmenn (e. patent attorneys), eða aðrir aðilar með sambærilega lögbundna heimild samkvæmt lögum og reglum viðkomandi lögsögu.

Með einkaleyfaskrifstofa í þessu samhengi er átt við fyrirtæki eða ráðgjafarskrifstofu sem veitir sérhæfða þjónustu á sviði einkaleyfa og hefur á að skipa sérfræðingum með framangreind réttindi.

Einungis kostnaður vegna þjónustu sem veitt er af slíkum viðurkenndum einkaleyfissérfræðingum telst styrkhæfur. Kostnaður vegna aðila sem ekki hafa formlega heimild til að koma fram fyrir hönd umsækjenda gagnvart opinberum einkaleyfastofum telst ekki styrkhæfur.

Umsækjandi ber ábyrgð á að sá aðili sem veitir þjónustuna uppfylli framangreind skilyrði.

2.1.7 GILDISTÍMI SAMÞYKKIS

Staðfesting stjórnar um stuðning gildir í 12 mánuði frá því að hún berst umsækjanda.

Reikningar og önnur gögn sem nauðsynleg eru til útgreiðslu skulu berast innan gildistíma samþykkisins. Að liðnum gildistíma fellur samþykkið úr gildi, nema sjóðurinn veiti undanþágu á grundvelli rökstuddrar beiðni.

2.1.8 FORGANGSRÉTTARUMSÓKN

Ef stuðningur við forgangsréttarumsókn er samþykktur skal umsækjandi skila staðfestingu á innlögn umsóknar þar sem númer hennar kemur fram, ásamt reikningum, til að fá styrkinn greiddan.

Ef styrkurinn (50% af samþykktum kostnaði) er lægri en hámarksstyrkur, getur umsækjandi lagt fram frekari reikninga vegna sömu umsóknar innan 12 mánaða frá samþykki sjóðsins, til að fullnýta heimilaða styrkupp hæð.

Slíkur viðbótarkostnaður skal tengjast áframhaldandi vinnu við umsóknina, svo sem viðbrögðum við leitarskýrslu, athugasemdum einkaleyfastofu eða öðrum formlegum kröfum í ferlinu.

2.1.9 UMSÓKN UM ALPJÓÐLEGT FERLI

Umsókn um stuðning vegna alþjóðlegs ferlis skal berast innan 12 mánaða frá innlögn forgangsréttarumsóknar, enda byggir umsóknin á sama forgangsrétti. Heimilt er að sækja um stuðning vegna umsóknar í alþjóðlegt ferli án þess að hafa áður hlotið styrk vegna forgangsréttarumsóknar.

Ef stuðningur við umsókn í alþjóðlegt ferli er samþykktur skal umsækjandi skila staðfestingu á innlögn umsóknarinnar þar sem númer hennar kemur fram, ásamt reikningum, til að fá styrkinn greiddan.

Ef styrkurinn (50% af samþykktum kostnaði) er lægri en hámarksstyrkur, getur umsækjandi lagt fram frekari reikninga vegna sömu umsóknar innan 12 mánaða frá samþykki sjóðsins, til að fullnýta heimilaða styrkupp hæð.

2.2. HVERJIR GETA SÓTT UM STYRK

Umsækjendur um einkaleyfisstyrk geta verið lítil og meðalstór fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar með verkefni sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

2.3. UMSÓKNAFRESTUR

Opið er fyrir umsóknir um einkaleyfisstyrki allt árið. Umsóknum skal skila til Tækniþróunarsjóðs í gegnum [umsóknarkerfi Rannís](#).

3. MATSFERLI UMSÓKNA

3.1. TRÚNAÐUR OG VANHÆFI

Umsóknir, þar með talið viðhengi og matsblöð, flokkast sem trúnaðargögn. Þau gögn eru eingöngu notuð við mat á umsóknum og eru einungis aðgengileg starfsfólki sjóðsins, fagráði og stjórn í þeim tilgangi að meta umsóknir. Engin afrit eru gerð af trúnaðargögnum en fagráð og stjórn Tækniþróunarsjóðs hafa rafrænan aðgang til að meta umsóknir. Öll umsóknargögn og matsblöð eru varðveitt í málaskrá Rannís.

Allir aðilar sem koma að afgreiðslu og mati umsókna eru bundnir þagnarskyldu. Jafnframt er farið eftir reglum um vanhæfi.

3.2. ÁKVÖRÐUN

Stjórn Tækniþróunarsjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingu að undangengnu mati.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs um styrki eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Ef umsækjendur hafa athugasemdir skal þeim beint til starfsfólks sjóðsins.